

Hugvísindaping í Háskóla Íslands

4.-5. apríl 2008

„...fræðimenn búa til gátur“

Dagskrá og útdrættir erinda



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindastofnun
Guðfræðistofnun

Dagskrá 4. apríl

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
111	13.00–14.30	Íslenskan öll?	10
207	13.00–14.30	Njála: Myndmál, merking og mannlýsingar	13
218	13.30–14.30	Við landamærin	15
222	13.00–14.30	Á slóðum húmanista	17
225	13.00–14.30	Staðir og staðleysur: Erindi um íslenskar nútímabókmenntir	18
313	13.00–14.30	Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki	20

14.30–15.00: Kaffihlé

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
111	15.00–17.00	Íslenskan öll? - frh.	10
207	15.00–16.30	Kennsla annars máls	22
218	15.00–17.00	Við landamærin - frh.	15
222	15.00–16.30	Trú, menning, samfélag	25
225	15.00–16.30	Staðir og staðleysur: Erindi um íslenskar nútímabókmenntir - frh.	18
313	15.00–17.00	Úr sögu heimspekinnar	24

Dagskrá 5. apríl

Kl. 11.00-12.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands:
Málstofa á vegum Þýðingaseturs Háskóla Íslands um þýðingar á vettvangi Evrópusambandsins.

Sjá nánar bls. 26

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
225	12.00–14.00	Íslenskan öll? - frh. frá fyrri degi	27
207	12.30–14.00	Veislur og brennur: Sagnfræði og skáldskapur í fornsögum	30
218	12.00–14.00	Annarsmálsfræði – Ný fræðigrein á Íslandi	31
231	12.00–14.00	Hlaðborð sagnfræðinga til heiðurs Gísla Gunnarssyni prófessor	33

14.00–14.20: Kaffihlé

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
225	14.20–16.20	Íslenskan öll? - frh.	27
207	14.20–16.20	Hlýnun og umhverfi – málstofa <i>Ritsins</i>	36
218	14.20–16.20	Mál og samfélag	37
222	14.20–15.50	Ísland og umheimurinn	39
231	14.20–16.20	Hlaðborð sagnfræðinga til heiðurs Gísla Gunnarssyni prófessor - frh.	33

16.30: Þinghaldarar bjóða upp á léttar veitingar.

Undirbúningsnefnd: Margrét Guðmundsdóttir, Pétur Pétursson og Hlíf Árnadóttir.

Málstofur

4. apríl

13.00–14.30 Íslenskan öll? STOFA 111

Höskuldur Þráinsson: *Válegar vísbendingar?*

Ásgrímur Angantýsson: *Framfærni og óframfærni í aukasetningum*

Theódóra A. Torfadóttir: *Enn erum við að sjá breytingar*
Málstofustjóri: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor

Málstofan heldur áfram að loknu kaffihléi

13.00–14.30 Njála: Myndmál, merking og mannlýsingar STOFA 207

Helga Kress: *Þjófsaugun: Bætt í lýsingu Hallgerðar*

Ármann Jakobsson: *Hvatvísi Þráins Sigfússonar*

Katrín Axelsdóttir: *Hvort grætur þú, Skarphéðinn?*

Málstofustjórar: Ármann Jakobsson, lektor og Helga Kress, prófessor

13.30–14.30 Við landamærin STOFA 218

Rafael Esteban Solá: *Escritores españoles en China eða Spænskir rithöfundar í Kína*

Erla Erlendsdóttir: *Voces que han cruzado fronteras:*

indoamericanismos de Perú en las lenguas nórdicas
Málstofustjóri: Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent

Málstofan heldur áfram að loknu kaffihléi

13.00–14.30 Á slóðum húmanista STOFA 222

Jón Ma. Ásgeirsson: *Húmanísk menntun á krossgötum*

Sigurður Pétursson: *Óvidíus og Arngrímur Jónsson lærði*

Gottskálf Jensson: *„Ævi Sæmundar fróða“ á latínu eftir Árna Magnússon*

Málstofustjóri: Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor

13.00–14.30 Staðir og staðleysur: STOFA 225
Erindi um íslenskar nútímabókmenntir
Alda Björk Valdimarsdóttir: *Fjallræða spámannsins*
Guðni Elísson: Þrettán spor í sandinum: Þrá og dauði í ljóðsögu
Sigurbjargar Þrastardóttur *Blysförum*
Dagný Kristjánsdóttir: *Enginn má vita ...*
Málstofustjóri: Ástráður Eysteinnsson, prófessor

Málstofan heldur áfram að loknu kaffihléi.

13.00–14.30 Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki STOFA 313
Björn Þorsteinsson: *Inngangsorð um náttúru, fyrirbærafræði og austræna heimspeki*
Páll Skúlason: *Náttúran í andlegum skilningi*
Geir Sigurðsson: *Jafngildir heimar: náttúrusýn í daóisma*
Málstofustjóri: Björn Þorsteinsson, heimspekingur

14.30–15.00 Kaffihlé

15.00–17.00 Íslenskan öll? – frh. STOFA 111
Einar Freyr Sigurðsson: *Augun þín og augun hjá mér. Þú veist hvað ég meina*
Salbjörg Óskarsdóttir: *Hann þótti gott í staupinu. Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku*
Guðrún Þórðardóttir: *Hvert stefnir viðtengingarháttur?*
Heimir Freyr Viðarsson: *Tilbrigði til forna*
Málstofustjóri: Sigríður Sigurjónsdóttir, dósent

Málstofan heldur áfram 5. apríl

15.00–16.30 Kennsla annars máls STOFA 207
Ásta Ingibjartsdóttir: *Breytt staða nemandans í orðræðu um tungumálakennslu*
Oddný G. Sverrisdóttir: *Virkjum til framtíðar: Tungumálaneminn – hvatinn til tungumálanámsins*
Jón Karl Helgason: *Menningarlæsi og tungumálakennsla*
Málstofustjóri: Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt

- 15.00–17.00 Við landamærin – frh. STOFA 218**
Kristín Guðrún Jónsdóttir: *Leiksvið fáránleikans. Um landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna í mexíkönskum bókmenntum*
Nína G. Björnsson: *Domesticating Aliens in the Borderlands: Roswell New Mexico*
Hólmfríður Garðarsdóttir: *Landamæraleysi menningaráhrifa við Karíbahaf*
Ásdís R. Magnúsdóttir: *Landamærin í verkum kanadísku skáldkonunnar Lise Tremblay*
Málstofustjóri: Erla Erlendsdóttir, lektor
- 15.00–16.30 Trú, menning, samfélag STOFA 222**
Steinunn Kristjánsdóttir: *Að skyggnast inn í veröld kaþólsks klausturs á miðöldum*
Hjalti Hugason: *Blær vertu ljóð mitt í sefinu við Styx. Um trú og húmanisma í ljóðum Snorra Hjartarsonar*
Bjarni Randver Sigurvinsson: *Austræn áhrif á trúarlíf Íslendinga á 20. öld*
Málstofustjóri: Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor
- 15.00–16.30 Staðir og staðleysur: STOFA 225**
Erindi um íslenskar núfímabókmenntir – frh.
Gunnþórunn Guðmundsdóttir: *Líf á bók: Um nýleg íslensk æviskrif*
Úlfhildur Dagsdóttir: *Er veruleikinn skáldskapur? Nýjar bækur og nýir tímar*
Bergljót Kristjánsdóttir: *Hátt og lágt. Arnaldur Indriðason og bókmenntaarfleifðin*
Málstofustjóri: Ásdís G. Sigmundsdóttir, doktorsnemi
- 15.00–17.00 Úr sögu heimspekinnar STOFA 313**
Svavar Hrafn Svavarsson: *Pyrrhon og upphaf efahyggju*
Gunnar Harðarson: *Skipulagsrökin í formála Snorra-Eddu*
Eyja Margrét Brynjarsdóttir: *Teningaspil á kránni: Molyneux-vandinn á breskri nýöld*
Henry Alexander Henrysson: *Leibniz um hinn besta mögulega heim*
Þátttakendur stýra málstofunni

5. apríl

11.00–12.00 Háfríðasalur: Málstofa á vegum Þýðingaseturs Háskóla Íslands um þýðingar á vettvangi Evrópusambandsins

Jouko Nikkinen, yfirmaður finnsku túlkadeildarinnar á Evrópuþinginu, heldur fyrirlesturinn „Stór“ og „lítil“ tungumál í samskiptum innan Evrópusambandsins eða "Big" and "small" languages in communication within the EU

Einnig kynnir **Gunnhildur Stefánsdóttir**, forstöðumaður Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, starfsemi miðstöðvarinnar

Gauti Kristmannsson, forstöðumaður Þýðingaseturs, stýrir umræðum.

Málstofur 5. apríl

12.00–14.00 Íslenskan öll?– frh. frá fyrri degi **STOFA 225**

Eiríkur Rögnvaldsson og Ásta Svavarsdóttir: *Talmál og tilbrigði. Skráning, úrvinnsla, mörkun og setningafræðileg nýting talmálssafna*

Þórunn Blöndal: *Að gera sér mat úr námsmati. Setningarleg tilbrigði í rituðum texta*

Hlíf Árnadóttir: *Polanleg þolmynd? Hömlur á þolmynd í íslensku*

Sigrún Steingrimsdóttir og Þórhallur Eyþórsson:

Viðbótarupplýsingar úr viðtölum

Málstofustjóri: Jóhannes Gísli Jónsson, aðjunkt

Málstofan heldur áfram að loknu kaffihléi

12.30–14.00 **Veislur og brennur: Sagnfræði og skáldskapur í fornsögum** **STOFA 207**

Úlfar Bragason: *Flugumýrabrenna*

Viðar Pálsson: *Veislur í vandaumhverfi þjóðveldisaldar – Sturlunga saga*

Helga Kress: *„Eld kveikið þér nú sveinar!“ Brennur og búsysla í Njálu og öðrum Íslendingasögum*

Málstofustjóri: Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, sagnfræðingur

**12.00–14.00 Annarsmálsfræði – Ný fræðigreini STOFA 218
á Íslandi**

Birna Arnbjörnsdóttir: *Annarsmálsfræði á Íslandi: Staða mála*
Kolbrún Friðriksdóttir: *Þróun kunnáttunnar í íslensku sem öðru máli: Málfræðin byggð upp og endurskipulögð*
Sigríður D. Þorvaldsdóttir og María Anna Garðarsdóttir:
Tileinkunarkenning Pienemanns, Processability Theory: Niðurstöður rannsókna á tileinkunarröð beygingar- og setningarlegra atriða í skandinavísku málunum og finnsku
María Anna Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir:
Beygingar og setningagerð í íslensku sem öðru máli: Tileinkunarröð valinna beygingar- og setningarlegra atriða í ljósi kenningar Pienemanns, Processability Theory.
Málstofustjóri: Jón Gíslason, stundakennari

**12.00–14.00 Hlaðborð sagnfræðinga STOFA 231
til heiðurs Gísla Gunnarssyni, prófessor**

Anna Agnarsdóttir: *Hvaða áhrif hafði franska stjórnarbyltingin á Íslandi?*
Guðmundur Jónsson: *Voðafarg á þóðinni. Hversu mikil voru sveitarþyngslin á Íslandi á 19. öld?*
Gunnar Karlsson: *Hlutur sjávarútvegs í atvinnu Íslendinga á 18. og 19.öld*
Halldór Bjarnason: „Allan veturinn eru þeir að dansa“:
Breytingar á dansleikum Íslendinga á 18. og 19. öld
Málstofustjóri: Eggert Þór Bernharðsson, dósent
Málstofan heldur áfram að loknu kaffihléi.

14.00–14.20 Kaffihlé

14.20–16.20 Íslenskan öll?– frh. STOFA 225

Sigríður Sigurjónsdóttir: *Hér var sýnt Ronju. Aðferðir til að kanna tilbrigði í máli ungra barna*
Jóhannes Gísli Jónsson: *Hvað er að gerast í færeysku?*
Tania E. Strahan: *Að beygja sig aftur á íslensku og norsku*
Matthew Whelpton: *Útkoman er þessi*
Málstofustjóri: Höskuldur Þráinsson, prófessor

- 14.20–16.20 Hlýnun og umhverfi – Málstofa *Ritsins* STOFA 207**
 Björn Þorsteinsson: Inngangsorð
 Þorsteinn Vilhjálmsson: *Viðhorf og vistkreppa: Hálfrar aldar saga viðhorfa og forsagna um vistkreppu, auðlindaþurrð og hlýnun*
 Halldór Björnsson og Tómas Jóhannesson: *Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar*
 Snorri Baldursson: *Ahrif hlýnunar á lífríki jarðar og Fróns Umræður.*
 Málstofustjóri: Björn Þorsteinsson, heimspekingur
- 12.30–14.00 Mál og samfélag STOFA 218**
 Rannveig Sverrisdóttir: *Það er töff að vera döff. Um aðkomuorðið „döff“ í íslensku*
 Guðrún Kvaran: *Biblían, sjálfstæðisaráttan og nafngjafir á 18., 19. og 20. öld*
 Margrét Jónsdóttir: *Beyging ð– stofna kvenkynseiginnafna*
 Gunnlaugur Ingólfsson: *Fjölfnisstafræðinginn. Upphaf, viðtökur, afdrif*
 Málstofustjóri: Jón Axel Harðarson, prófessor
- 14.20–15.50 Ísland og umheimurinn STOFA 222**
 Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson: *T.S. Eliot á Íslandi*
 Guðrún Björk Guðsteinsdóttir: *Leiðarljós í Nýja Íslandi*
 Stefano Rosatti: *Ítalía í Reisubók Ólafs Egilssonar: Staðreyndir og ímyndun*
 Málstofustjóri Jón Karl Helgason, aðjunkt
- 14.20–16.20 Hlaðborð sagnfræðinga STOFA 231**
til heiðurs Gísla Gunnarssyni, prófessor – frh.
 Helgi Þorláksson: *Ísland í átökum stórvelda 1400-1600*
 Ragnheiður Kristjánsdóttir: *Þjóðlegur kommúnismi?*
 Þór Whitehead: *Var Sósíalístaflókkurinn stofnaður gegn vilja Alþjóðasambands kommúnista 1938?*
 Eggert Þór Bernharðsson: *Þéttbýlisþróun og sögusýningar*
 Málstofustjóri: Eggert Þór Bernharðsson, dósent

FÖSTUDAGUR

Íslenskan öll?

13.00–14.30

15.00–17.00

Stofa 111

Málstofustjóri: Eiríkur Rögnvaldsson

Málstofustjóri: Sigríður Sigurjónsdóttir

Árin 2005–2007 naut verkefnið **Tilbrigði í setningagerð** svonefnds öndvegisstyrks frá Rannsóknasjóði. Þessi málstofa er nokkurs konar uppskeruhátíð verkefnisins.

Markmið þessa rannsóknaverkefnis (yfirleitt kallað **Tilbrigðaverkefnið** í eftirfarandi útdráttum) hefur verið „að kortleggja tilbrigði í íslenski setningagerð (með nokkrum samanburði við færeysku), gera grein fyrir dreifingu þeirra og skýra þau“, eins og segir í upphaflegri umsókn. Hér verður gefið yfirlit yfir verkefnið, sagt frá markmiði, efnivið og úrvinnslu og nefnd dæmi um niðurstöður. Eitt meginþemað í umræðum um niðurstöðurnar verður sú spurning hvort þær gefi tilefni til að ætla að íslenska sé að hverfa eða deyjá út, eins og stundum er látið í veðri vaka (sbr. heiti málstofunnar).

Höskuldur Þráinsson, prófessor

Válegar vísbendingar?

Þetta er inngangserindi um markmið, umfang og aðferðir Tilbrigðaverkefnisins og gefur dæmi um spurningar sem hægt er að svara á grundvelli þeirra gagna sem hefur verið aflað. Sagt verður frá efnissöfnun og hvers konar tilbrigði og setningagerðir hafa aðallega verið til athugunar. Í framhaldi af því verða nefndar nokkrar nýlegar staðhæfingar um stöðu rannsókna á íslensku nútímamáli og þróun íslensks máls og spurt hvort þær fái stuðning af niðurstöðum Tilbrigðaverkefnisins. Þær niðurstöður benda að sönnu til þess að ákveðin atriði í íslenski setningagerð séu að breytast en tilbrigði í íslenski setningagerð eru samt tiltölulega lítil. Loks verður spurt hvers vegna sumir málnotendur séu tilbúnir til að sætta sig við tilbrigði í orðaforða, framburði og jafnvel í beygingum en miklu síður í setningagerð. Má ekki finna „tilbrigði í setningagerð“ í öllum málum, m.a.s. í forníslensku? Þurfa þau endilega að vera válegar vísbendingar?

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi

Framfærni og óframfærni í aukasetningum

Meðal þess sem kannað var í Tilbrigðarannsókninni voru „framfærslu-setningar“ á borð við eftirfarandi, þ.e. setningar þar sem feitlettruðu liðirnir virðast hafa verið „færðir fram“ í aukasetningunni en venja er að hafa þá:

- (1) Ég efast um að **þennan mann** hafi hún hitt.
(*kjarnafærsla*)
- (2) Hún spurði hvort **rætt** hefði verið við Helgu.
(*stílfærsla*)
- (3) Ég veit bara um eina mynd sem hann **ekki** sá.
(*sögn í þriðja sæti / S3*)

Fram kemur að yngri málhafarnir samþykkja kjarnafærslu, stílfærslu og sum dæmi um S3 síður og undir færri kringumstæðum en hinir eldri og eru því „óframfærnari“ sem því nemur. Í fyrirlestrinum verða niðurstöður spurningalista og viðtala um þessar setningagerðir ræddar og settar í fræðilegt samhengi.

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi

Enn erum við að sjá breytingar

Í fyrirlestrinum verður sagt frá rannsókn á vegum Tilbrigðaverkefnisins á notkun *vera að* + nh. í íslensku (sbr. *Jón var að lesa í bók þegar ég kom*). Notkun þessa orðasambands (svokallaðs **framvinduhorfs**) virðist vera að breytast í þá veru að hún nær nú til fleiri sagna en áður og er einnig stundum notuð í dálítið öðru samhengi en verið hefur. Í fyrirlestrinum verður fjallað um tvær helstu gerðir þessarar nýju notkunar:

- notkun *vera að* með neitun, sem getur þá m.a. náð til sagna sem ekki hafa áður verið notaðar með *vera að* (*Ég er ekki að skilja þetta-týpan*)
- notkun sem er algeng í íþróttamáli (stundum kölluð „íþróttahorf“, þ.e. *Þeir eru að leika vel-týpan*)

Niðurstöður úr skriflegum yfirlitskönnunum sem lagðar voru fyrir um allt land leiða í ljós að dreifing þessara tveggja gerða er býsna ólík milli aldurshópa (munurinn milli landshluta er ekki teljandi). Einnig gefa niðurstöður rannsóknarinnar ýmsar vísbendingar um hömlur hinnar nýju notkunar framvinduhorfs.

KAFFIHLÉ

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi

Augun þín og augun hjá mér: Þú veist hvað ég meina

Í Tilbrigðaverkefningu voru mismunandi gerðir eignarliða kannaðar, einkum þessar:

- (1) a. **Hárið hennar** er alltaf svo flókið á morgnana.
b. **Hár þitt** verður mjúkt og glansandi.
- (2) a. **Hestur Maríu** kom fyrstur í mark.
b. **Hesturinn hennar Maríu** kom fyrstur í mark.
c. **Hesturinn stráksins** var seldur um daginn.
- (3) **Augun hjá honum** eru svo rosalega stór.

Niðurstöðurnar sýna að yngri málhafar samþykkja frekar setningar á borð við (1a) og (3) en hinir eldri samþykkja aftur á móti frekar setningar eins og (1b) og (2a). Langflestir málhafar á öllum aldri samþykkja svo (2b). Jafnframt leiðir rannsóknin í ljós landshlutabundið tilbrigði því Norðlendingar samþykkja helst eignarfallslíði eins og (2c).

Salbjörg Óskarsdóttir, meistaranemi

Um breytingar á aukafallsfrumlögum í vesturíslensku

Fjallað verður um rannsókn á því hvaða breytingar höfðu orðið á fallnotkun í frumlögum í máli rúmlega 100 Vestur-Íslendinga en til eru viðtöl við nokkurn hóp sem hljóðrituð voru á síðari hluta 20. aldar. Þar kom í ljós að meirihluti viðmælenda sýndi engin frávik frá viðurkenndri málnotkun og að ekki væri mikill munur á þágufallshneigð vestanhafs og hételendis ef miðað er við niðurstöður úr nýlegum könnunum hér á landi. Nokkuð var hins vegar um „fallaflökt“, þ.e. að sami einstaklingurinn gat notað frumlag í nefnifalli, þolfalli eða þágufalli með sömu sögninni.

Ensk áhrif á frumlagsfall reyndust hins vegar hverfandi og í þeim tilvikum sem viðmælendurnir notuðu t.d. sögnina *vanta* í hinni ensku merkingu ‘langa’ var algengast að aukafallið héldist óbreytt eins og sést á dæmum eins og *Mér vantar ekkert í kaffi*.

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi

Hvert stefnir viðtengingarháttur?

Í fyrirlestrinum verður staða viðtengingarháttar í nútíð skoðuð og spurt hvort notkun hans fari vaxandi eða minnkandi eða standi í stað. Er háttanotkun mismunandi eftir aldri málnotenda? Til þess að finna svör við þessum spurningum verða skoðaðar niðurstöður úr yfirlitskönnunum Tilbrigða-

verkefnisins og þær bornar saman við niðurstöður eigin rannsókna um notkun viðtengingarháttar á árunum 2003 og 2008. Rætt verður um hvað ræður háttanotkun í atvikssetningum annars vegar og fallsetningum hins vegar. Reynt verður að meta kosti og annmarka mismunandi rannsóknaraðferða.

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi

Tilbrigði til forna

Það er vissulega áleitin spurning hvort tilbrigði á borð við þágufallssýki hafi þekkt á þeim tíma sem „lindir íslensks máls flóðu tærari“ en þær gera nú. Halldór Halldórsson (1982) komst að raun um í athugun sinni á þessu fyrirbæri að tvö dæmi væru um þágufallssýki frá forníslenskum tíma, annað úr íslensku handriti en hitt úr norsku. Í ljósi þess hve „eðlileg“ breyting þágufallssýki er kæmi hreinlega á óvart ef hvergi hefðu fundist dæmi um slíkan breytileika í forníslensku. Hér verða hugmyndir málfræðinga um þessa málbreytingu reifaðar stuttlega, tekin dæmi af sambærilegum breytileika í öðrum skyldum málum, svo sem í færeysku, þýsku, fornensku og fornsænsku, auk þess sem ný dæmi um meinta þágufallssýki í forníslenskum textum verða sýnd. Þá verður einnig vikið að tilbrigðum í andlagsfalli og notkun leppsins *þat* í elstu textum.

Málstofan heldur áfram laugardaginn 5. apríl (sjá bls. 27).

Njála: Myndmál, merking og mannlýsingar Stofa 207

13.00–14.30

Málstofustjórar: Ármann Jakobsson
og Helga Kress

Njála er óþrjótandi uppspretta rannsóknarefnis. Í málstofunni verða fluttir þrír fyrirlestrar um Njálu frá mismunandi sjónarhornum. Þjófsaugu Hallgerðar og hvatvísi Þráins Sigfússonar verða krufin til mergjar og rýnt í málnotkun Njáluhöfundar.

Helga Kress, prófessor

Þjófsaugun: Bætt í lýsingu Hallgerðar

„Ærið fögur er mér sú, og munu margir þess gjalda; en hitt veit eg eigi, hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir vorar.“ Þessi ummæli Hrúts um Hallgerði bróðurdóttur sína barnunga koma fyrir í upphafi Njálu þegar faðir hennar kallar og hún gengur fyrir þá bræður, „fríð sýnum, og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið, að það tók ofan á beltí“. Eins og Hrútur spáir verður Hallgerður „femme fatale“, hættuleg körlum og samfélagi. Megin-

einkenni hennar er hárið sem fylgir henni sem leiðarminni frá upphafi til enda. Annað sem einkennir hana er hláturinn, bæði hennar eigin og sá sem hún vekur. Um hvort tveggja, hárið og hláturinn, hef ég áður fjallað í fyrirlestrum og greinum (sjá m.a. „Fá mér leppa tvo“ í Torfhildi 2007 og „Hallgerður's Gelächter“ í *Poetik und Gedächtnis* 2004), og á ráðstefnu á Ströndum haustið 2006 ræddi ég um hana sem mögulega galdranorm (sjá „Óþarfar unnustur áttu“, grein í *Galdrar og samfélag*, í prentun). Nú er komið að þjófsaugunum. Í erindinu mun ég leitast við að svara spurningu Hrúts um hvaðan þessi augu eru komin og hvernig þau styðja við lýsingu Hallgerðar, ekki bara sem þjófs og því argrar (sbr. kenningu Theodors M. Andersson í „The Thief in Beowulf“, *Speculum* 1997), heldur sem nornar. Þetta mun ég svo með samanburðardæmum (m.a. um þjófa, augu og merkingu sagnanna *að sjá* og *sýnast*) leitast við að tengja þeim orlagaríka atburði þegar hestur Gunnars hnýtur og honum „varð litið upp“ til hlíðarinnar sem honum hefur aldrei jafnfögur „sýnst“.

Ármann Jakobsson, lektor

Hvatvísi Þráins Sigfússonar

„Kemst þó að seint fari,“ segir Njáll frá Bergþórshvoli eitt sinn í Brennu-Njáls sögu. Andstæða hans í sögunni að þessu leyti er Þráinn Sigfússon sem skeið er „haldinn fyrir höfðingja“ af frændum sínum en virðist ekki vera sannur höfðingi. Ófugt við Njál er Þráinn hvatvís úr hófi fram og kemur það fram tvisvar í sögunni. Í fyrra skiptið skilur hann við konu sína og giftist annarri í brúðkaupi frænda síns. Í seinna skiptið bjargar hann óvini Hákonar jarls og gerir að helsta trúnaðarmanni sínum. Deila má um hvort hvatvísi Þráins sé fyrirlitleg eða aðdáunarverð. Í erindinu verða þess atvik og persóna Þráins krufin til mergjar og meðal annars rætt um tengsl hvatvísinnar og þess að Þráinn virðist ekki vera talinn sannur höfðingi.

Katrín Axelsdóttir, aðjunkt

Hvort grætur þú, Skarphéðinn?

Já/nei-spurningar kallast þær spurningar þar sem svarið er annaðhvort jákvætt eða neikvætt. Í handbókum þar sem fjallað er um setningafræði forn máls er getið um tvær aðferðir við að búa til slíkar spurningar. Það var gert með því að snúa við röð frumlags og sagnar (*Er Gunnar heima?*), rétt eins og venjan er í nútímamáli, en einnig mátti byrja á orðinu hvort og hafa síðan sögn og frumlag (*Hvort er Gunnar heima?*).

Hér verður fjallað um hlutfallslega tíðni og dreifingu þessara tveggja spurningagerða í Njálu og nokkrum öðrum Íslendingasögum. Í Njálu eru mörg dæmi um *hvort*-gerðina. En sagan er löng og hlutfallslega eru dæmin ekki

sérstaklega mörg. Dreifing dæmanna um söguna er á hinn bóginn nokkuð sérkennileg. Þá verður rætt hvort einhver notkunar- eða merkingarmunur kunni að hafa verið á spurningagerðunum tveimur í fornu máli. Loks verður sjónum beint að dæmum um *hvort-gerðina* á síðari tímum, en sum þeirra draga nokkurn dóm af dæmum í Njálu.

Við landamærin

13.30–14.30

15.00–17.00

Stofa 218

Málstofustjóri: Hólmfríður Garðarsdóttir

Málstofustjóri: Erla Erlendsdóttir

Að málstofunni standa kennarar í frönsku, spænsku og ensku. Erindin eru fjölbreytt en eiga það öll sameiginlegt að landamæri koma við sögu, hvort sem er eiginleg eða óeiginleg, í bókmenntum, máli eða menningu. Erindin í fyrra hluta málstofunnar verða flutt á spænsku og eitt erindi í seinna hluta málstofunnar verður flutt á ensku.

Rafael Esteban Solá, aðstoðarkennari*Escritores españoles en China* eða *Spænskir rithöfundar í Kína*

Tras un breve repaso por los antecedentes históricos de las relaciones literarias entre China y España, se abordará la experiencia de escritores españoles que viajaron al gigante asiático a lo largo del siglo XX. Durante este pasado siglo, China experimentó importantes cambios sociales, económicos y políticos que, aunque no transformaron su esencia milenaria, influyeron en la realidad más inmediata de sus habitantes. Estas sorprendentes metamorfosis serían reflejadas más tarde por estos autores en los libros que escribieron a su regreso a España después de sus andanzas por el Imperio del Centro

Erla Erlendsdóttir, lektor*Voces que han cruzado fronteras: indoamericanismos de Perú en las lenguas nórdicas*

El tema que se aborda en la presente comunicación son las voces amerindias de Perú que, a través del español y otras lenguas europeas, han entrado en las lenguas nórdicas –el danés, el noruego, el sueco y el islandés– desde el siglo XVIII hasta la actualidad.

Un total de 18 voces de procedencia quechua y aimara constituye el corpus analizado. De éstas la gran mayoría son palabras primitivas, mientras que unas pocas son palabras derivadas. Los sustantivos representan el 100% del repertorio manejado.

Los quechuisimos y aimarismos estudiados pertenecen a campos léxicos específicos. Los préstamos procedentes del terreno de la *fauna* constituyen el número más elevado seguidos de los que pertenecen a las áreas de la *alimentación*, de las *plantas y sustancias medicinales* y de la *geografía*.

Las voces quechuas y de aimara incorporadas a las lenguas nórdicas se atestiguan por primera vez en las traducciones de obras y tratados de diversa índole cuyo tema precisaba del uso de alguno de esos vocablos indígenas para designar cosas faltas de denominación castiza.

Se puede considerar que entre cinco y seis palabras de esta procedencia son hoy en día de uso general en las lenguas nórdicas.

KAFFIHLÉ

Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt

Leiksvið fjaranleikans: Um landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna í mexíkönskum bókmenntum

Þegar bókmenntir Mexíkó frá 20. öld eru skoðaðar kemur í ljós að landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna skipa ekki stóran sess í efnisvali rithöfunda og skálda þar í landi. Í raun veur það furðu sé hugsað til þess hve afgerandi áhrif þessi mörk hafa haft á sögu landsins og líf fólks almennt frá því þau voru dregin árið 1848. Þetta tekur að breytast upp úr 1980 þegar hópur rithöfunda frá landamærunum fer að gefa út verk sín. Í erindinu verður fjallað um mörkin í mexíkönskum bókmenntum en sjónum verður einkum beint að birtingarmynd þeirra í verkum tveggja rithöfunda frá landamærunum: *Callejón Sucre y otros relatos* eftir Rosario Sanmiguel (1954) og *Instrucciones para cruzar la frontera* eftir Luis Humberto Chrosthwaite (1962).

Nína G. Björnsson, stundakennari

Domesticating Aliens in the Borderlands: Roswell New Mexico

Hólfríður Garðarsdóttir, dósent

Landamæraleysi menningaráhrifa við Karíbahaf

Í fyrirlestrinum er sjónum beint að menningarlegum margbreytileika samfélaga Karíbahafsins. Þar blasir við að uppruni, búseta, tungumál og trúarbrögð gegna takmörkuðu hlutverki þegar spurt er um þjóðerni. Strandhéruð landa eins og Hondúras, Níkaragva, Kosta Ríka og Panama eru byggð fólki af margvíslegum uppruna, sem mótað hafa sjálfstæða og sérstaka menningarafkima og tala

fjöldann allan af ólíkum tungumálum. Því er spurt: Hvernig skilgreina íbúar svæðisins sjálfsmýnd sína og hvernig birtist hún í bókmenntum ungra höfundu?

Ásdís R. Magnúsdóttir, dósent

Landamærin í verkum kanadísku skáldkonunnar Lise Tremblay

Í augum margra íbúa Mið- og Suður-Ameríku eru nágrennarnir í norðri, Bandaríkin og Kanada, gósenlönd tækifæra og lykill að lífshamingju. Þetta er þó ekki sú mynd sem dregin er upp í verkum kanadísku skáldkonunnar Lise Tremblay. Sögupersónur hennar eiga það sameiginlegt að alast upp í litlum bæjum á landsbyggðinni í Québec-fylki. Þær eru á sífelldum flóttu undan umhverfi sínu, fjölskyldu og sjálfum sér og finna frið „fyrir sunnan“, í stórborginni eða jafnvel hinum megin landamæruna. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um birtingarmyndir landamæruna í tveimur verka Lise Tremblay: *Ísveiðunum* og *Hegravarpinu*.

Á slóðum húmanista

13.00–14.30

Stofa 222

Málstofustjóri: Margrét Eggertsdóttir

Þrír af fjórum fyrirlesturum í þessari málstofu fjalla um húmanisma og húmanista, en frá ólíkum sjónarhornum. Fyrsta erindið fjallar um stöðu húmanískra fræða í menntakerfi Vesturlanda í sögulegu og samtímalegu ljósi. Að því loknu verður rýnt í skrif húmanistans Arngríms Jónssonar lærða og ritgerð um Sæmund fróða eftir vísindamanninn og húmanistann Árna Magnússon.

Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor

Húmanísk menntun á krossgötum

Staða húmanískra fræða í menntakerfi Vesturlanda hefir í vissum skilningi einatt átt í vök að verjast síðan á tíma skynsemissstefnunnar og upplýsingaraldar. Í þessu erindi verður fjallað um menntun í sögulegu samhengi frá klassískum tíma og hellenískum ásamt þeim breytingum sem urðu á þessari hefð með endurreisninni. Einkum verður staldrað við tímarn í kjölfar skynsemissstefnunnar og upplýsingarinnar á átjándu öld og fjallað um stöðu húmanískra fræða í háskólasamhengi dagsins í dag. Sérstök áhersla verður lögð á spurninguna um stöðu húmanískrar menntunar í samanburði við menntun á öðrum fræðasviðum háskólasamfélagsins með tilliti til þess hvort unnt sé að gera greinarmun á áherslum um varðveislu mennskunnar annars vegar og þróun í vísindum til heilla fyrir manneskjuna hins vegar.

Sigurður Pétursson, lektor

Óvidíus og Arngrímur Jónsson lærði

Í aldaðir hefur sá siður tíðkast að vitna í fleyg orð kunnra skálda. Þessi hefð einkenndi mjög rit húmanista. Mikið var vitnað í rómverska skáldið Óvidíus. Var hann víða lesinn í latínuskólum, meðal annars á Íslandi. Það er því forvitnilegt að athuga hvort Óvidíus hafi skilið eftir sig spor í ritum íslenskra húmanista og liggur þá beinast við að kanna verk Arngríms Jónssonar lærða. Ætlunin er að benda á greinileg áhrif Óvidíusar í ritum Arngríms, sýna úr hvaða verkum skáldsins þau eru komin og síðan gera tilraun til þess að draga ályktanir af þeim.

Gottskálk Þór Jensson, dósent

„Ævi Sæmundar fróða“ á latínu eftir Árna Magnússon

Fyrir meira en 300 árum skrifaði Árni Magnússon „Ævi Sæmundar fróða“ (*Vita Sæmundi multiscii*) á latínu. Þessi ritgerð Árna, sem Finnur Jónsson kallar „hans svo að segja einasta heildarlegt frumrit“, hefur aldrei verið þýdd á nútímamál eða rétt aldursgreind. Erindið er kynning á fyrstu íslensku þýðingu ritgerðarinnar og réttari aldursgreiningu en auk þess verður fjallað um mótandi áhrif „Ævi Sæmundar fróða“ á viðtökusögu eddukvæða og viðhorf til Sæmundar fróða.

Staðir og staðleysur:

Erindi um íslenskar nútímabókmenntir

Stofa 225

13.00–14.30

Málstofustjóri: Ástráður Eysteinnsson

15.00–16.30

Málstofustjóri: Ásdís G. Sigmundsdóttir

Erindi málstofunnar eiga það sameiginlegt að fjalla um íslenskar samtímabókmenntir. Þau eru hins vegar ólík því að fyrirlesarar fjalla hver um sitt svið bókmenntanna. Þannig eru viðfangsefnin barnabókmenntir, skáldsögur, ljóð, glæpasögur og ævisögur. Með því að skyggjast á þennan hátt inn í ólíka króka og kima fæst við sýn á bókmenntir samtímans og tækifæri gefst til lifandi umræðna.

Alda Björk Valdimarsdóttir, doktorsnemi

Fjallræða spámannsins

Berst Böddi í skáldsögunni *Rokland* eftir Hallgrím Helgason við vindmyllur líkt og Don Kíkóte eða búa athafnir hans og orð yfir vigt? Í sögunni er gefið til kynna að Böddi telji sig vera frelsara og honum er iðulega líkt við spámann. Sterk tengsl eru t.d. sköpuð milli Bödda og Zarahústru úr verki Nietzches, en sú tenging er líklega írónísk, því að ósennilegt er að hinn íhaldssami Böddi sé málpípa skapara síns þar sem Hallgrímur er fyrst og fremst framsækinn höfundur sem hefur upp hið nýja í íslenskum samtíma?

Guðni Elísson, dósent

*Þrettán spor í sandinum: Þrá og dauði í ljóðsögu Sigurbjargar
Þrastardóttur, Blysförum*

„ég leggst á magann, tel / þrettán spor / í sandinum og finnst / talan rétt / því ég trúi ekki á útlensk kerfi sem hjálpa“ (61) segir ljóðmælandinn í ljóðsögu Sigurbjargar Þrastardóttur *Blysförum* sem kom út á prenti á síðasta ári. *Blysfarir* er lýsingin á hinu þrettán spora meðferðarkerfi sem ljóðmælandi beitir og ekki hefur komið út jafn áhrifamikil lýsing í íslenskum bókmenntum á tortímandi ástarsambandi frá því að *Tímahjófur* Steinunnar Sigurðardóttur birtist fyrst á prenti fyrir tuttugu árum.

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor

Enginn má vita ...

Pabbi á sér lítið leyndarmál – hann er mannæta. Í barnabók Þórarins Leifssonar *Leyndarmálið hans pabba* (2007) étur pabbi ólíklegasta fólk.

Bönnin við sífjaspellum og mannáti liggja til grundvallar vestrænni siðmenningu. Þessi bönn eru jafnframt tekin til umræðu í klassískum sögum og ævintýrum fyrir börn. Sögurnar eru gróteskar og ljóst að karneval og groddaskapur eru alþýðlegar leiðir til að nálgast hættuleg umræðuefni eins og ofbeldi, misnotkun og barnsmorð. Í fyrirlestrinum er spurt hví enginn hafi stokkið upp á nef sér út af þessari bók? Þýðir það að Grýla sé dauð eða þýðir það að hún hafi flutt sig um set?

KAFFIHLÉ

Gunnþórunn Guðmundsdóttir, lektor

Líf á bók: um nýleg íslensk æviskrif

Í fyrirlestrinum verður rætt um ýmis sjálfsævisöguleg og ævisöguleg verk sem komið hafa út á nýliðnum árum og athugað hvort hægt sé að sjá sameiginleg einkenni, línur eða strauma í þeim skrifum. Kannað verður hvernig höfundarnir nálgast fortíðina, kanna sjálf og sjálfsmýnd og frásagnaraðferðir skoðaðar. Meðal höfunda sem lítið er til eru Ingibjörg Haraldsdóttir, Pétur Gunnarsson, Sigurður Pálsson og Vigdís Grímsdóttir.

Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur

Er veruleikinn skáldskapur? Nýjar bækur og nýir tímar

Fyrir nokkru var ég beðin að skrifa yfirlitsgrein um íslenskar samtímabókmenntir fyrir spánskt tímarit. Þetta kom af stað miklum vanga-veltum um íslenskar samtímabókmenntir sem ekki sér fyrir endann á. Í erindinu er ætlunin að reifa helstu atriði greinarinnar sem á endanum var samin og send, og velta fyrir sér þýðingu slíkra yfirlita og tæpa á hinu og öðru er varðar íslenskar samtímabókmenntir. Áhersla er lögð á bókmenntir þessarar aldar.

Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor

Hátt og lágt. Arnaldur Indriðason og bókmenntaarfleifðin

Drepið verður á viðbrögð nokkurra manna við svörum í könnun *Fréttablaðsins* 23. febrúar 2008 en blaðið spurði 800 landsmenn hver væri besti rithöfundur þjóðarinnar. Í framhaldi af því verður fjallað um textatengsl og/eða blöndun í nokkrum verkum Arnalds Indriðasonar með hliðsjón af hámenningu og lágmenningu.

Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki

13.00–14.30

Stofa 313

Málstofustjóri: Björn Þorsteinsson

Aðstandendur málstofunnar eru meðal þátttakenda í samnefndu verkefni sem hlaut nýlega styrk frá Rannís. Í málstofunni verður gerð grein fyrir meginhugmyndum verkefnisins í inngangserindi og í kjölfarið koma tvö erindi sem veita innsýn í helstu þætti þess, þ.e. afstöðu til náttúrunnar að hætti fyrirbærafræðinnar annars vegar og austrænnar heimspeki hins vegar.

Björn Þorsteinsson, heimspekingur

Inngangsröð um náttúru, fyrirbærafræði og austræna heimspeki

Í erindinu verða grunnþættir rannsóknaverkefnisins „Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki“ reifaðir. Meginstefin í verkefninu eru þrjú: (1) nýjar stefnur og straumar í fyrirbærafræði náttúrunnar, með sérstakri áherslu á greiningu Maurice Merleau-Pontys á náttúru og mannlega vitund; (2) hefðbundin viðhorf til náttúrunnar í Austur-Asíu, einkum í hugsun af toga Konfúsíusar, daóisma og annarra kínverskra hugsuða; (3) spurningar varðandi hugsanlega sérstöðu íslenskrar náttúru og áhrif hennar á athugandann. Með því að bera saman þessa þrjá þæði er ætlunin að draga fram athyglisverðar hliðstæður þannig að sérkenni hvers þáttar um sig búi í haginn fyrir greiningu á styrkleikum og veikleikum hinna.

Páll Skúlason, prófessor

Náttúran í andlegum skilningi

Gerð verður tilraun til að greina þá merkingu sem náttúran öðlast í reynslu okkar og færð rök fyrir því að hefðbundinn greinarmunur náttúru og menningar standist ekki. Stuðst verður við skilning Jónasar Hallgrímssonar á náttúrunni í þessu skyni. Sú tilgáta verður reifuð að aukinn skilningur á sambandi mannhuga og náttúru sé mikilvægur til að takast á við þau vandamál sem steðja að í umhverfismálum. Vandamál þessi verði ekki eingöngu leyst með auknum rannsóknum í náttúruvísindum, heldur með yfirvegun og úrvinnslu þeirrar reynslu sem gerir okkur kleift að uppgötva „dásemdir náttúrunnar“ og vera-með-sjálfum-okkur.

Geir Sigurðsson, forstöðumaður Asíuvers Íslands – ASÍS

Jafngildir heimar: náttúrusýn í daóisma

Í erindinu er ætlunin að kynna helstu grundvallarviðhorf kínversks daóisma með tilliti til umhverfisheimspekilegra sjónarmiða. Áhersla verður lögð á þau viðhorf sem tjáð eru í elstu og virtustu ritum skólans, *Daodejing* (*Veraldarferlið og kraftbirtingar þess*) og *Zhuangzi*. Fjallað verður um heimsfræði daóismans, óvenjulega heildarhyggju hans og heimspeki sem lífsmáta. Gerð verður grein fyrir nokkrum grundvallarhugtökum hans, t.d. „veraldarferlinu“ (*dao*), „náttúrunni/himninum“ (*tian*), „sjálfkrafa athöfn“ (*ziran*) og „virkri ógjörð“ (*wuwei*).

Á undanförunum árum hefur kennsla erlendra tungumála tekið ýmsum breytingum, jafnt viðhorf sem aðferðir. Sum vandamál eru sígild, önnur þróast og breytast með nýjum áherslum. Í málstofunni verður fjallað um nám og kennslu annars máls frá ólíkum sjónarhornum og með hliðsjón af ólíkum tungumálum. Fjallað er um hlutverk og stöðu nemandans í námi og kennslu og hvatann til tungumálanáms og hvernig hægt er að nýta hann og virkja. Loks er fjallað um þá sögulegu og menningarlegu þekkingu sem miðlað er sem hluta af tungumálanámi.

Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt

Breytt staða nemandans í orðræðu um tungumálakennslu

Kennslufræði í erlendum tungumálum hefur þróast í gegnum árin. Samkvæmt henni á nemandinn að vera í aðalhlutverki, þannig að gengið sé út frá honum þegar hugað er að þróun kennsluefnis og aðferða. Með því að skoða breytingar sem hafa orðið á stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar verður kannað hvort einhverjar þekkingarfræðilegar breytingar hafi átt sér stað í raun og veru. Einnig verður skoðað hvað kemur fram í orðræðu um markmið í máltöku í frönsku í menntaskólum á Íslandi.

Oddný G. Sverrisdóttir, dósent

Virkjum til framtíðar:

Tungumálaneminn – hvatinn til tungumálanámsins

Hvatinn til að læra tungumál er mikilvægur þáttur í ferlinu að tileinka sér það. Þessi hvati var ýmsum fræðimönnum rannsóknarefni á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar en eftir það virtust sjónir fræðimanna fremur beinast að öðrum þáttum í tungumálanáminu. Nú á allra síðustu árum hefur þetta breyst á nýjan leik og fræðimenn líta í æ ríkara mæli til hvatans sem mikilvægs þáttar í tungumálanámi. Hér er um heillandi en jafnframt mjög ögrandi rannsóknasvið að ræða. Fjallað verður um hugtakið hvata með sérstöku tilliti til tungumálanámsins frá sjónarhóli tungumála-nemenda en með einstaklingsmiðuðu tungumálanámi og notkun evrópsku tungumálamöppunnar er unnt að nýta hvata til tungumálanáms á annan hátt en hingað til og þar með virkja hann til frambúðar.

Jón Karl Helgason, lektor

Menningarlæsi og tungumálakennsla

Í fyrirlestrinum verður fjallað um gildi hugtaksins menningarlæsi fyrir umræður um tungumálakennslu og m.a. velt vöngum yfir því hvaða sögulegu og menningarlegu þekkingu þurfi að miðla til þeirra einstaklinga sem læra íslensku sem annað mál.

Trú, menning, samfélag

15.00–16.30

Stofa 222

Málstofustjóri: Gunnlaugur A. Jónsson

Í málstofunni verður fjallað um trú, menningu og samfélag frá ólíkum sjónarhornum. Rýnt er í leifar sem fundist hafa við fornleifauppgröft á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal og spurt hvaða upplýsingar þessar efnislegu og áþreifanlegu minjar geti veitt um óáþreifanleg einkenni klausturlífs á staðnum frá lokum 15. aldar fram til siðaskipta. Þá vîkur sögunni að trú og húmanisma í ljóðum Snorra Hjartarsonar þar sem sjá má norrænan, germanskan, rómverskan og grískan arf, auk hins kristna. Loks er fjallað um austræn áhrif sem tók að gæta í auknum mæli á trúarlíf á liðinni öld.

Steinunn Kristjánsdóttir, lektor

Að skygnast inn í veröld kaþólsks klausturs á miðöldum

Því hefur oft verið haldið fram að fornleifarannsóknir einskorðist við efnislegar og áþreifanlegar leifar fortíðar, eins og bein, gripir og byggingar. Í seinni tíð hafa rannsóknir innan fornleifafræðinnar hins vegar í síauknum mæli beinst að óefnislegum þáttum samfélaga úr fortíðinni, eins og að sjálfsmyndum, viðhorfum eða hugsunum. Í fyrirlestrinum verður einmitt skyggst inn í afmarkað og óáþreifanlegt samfélag miðalda á Skriðuklaustri í Fljótsdal, eins og það kemur nú fyrir sjónir við uppgröft á efnislegum leifum þess.

Hjalti Hugason, prófessor

Blær vertu ljóð mitt í sefinu við Styx. Um trú og húmanisma í ljóðum Snorra Hjartarsonar

Í fyrirlestrinum verður tilefni tekið af því að vísanir eru áberandi einkenni á kveðskap Snorra Hjartarsonar. Sýnt verður hvernig hann vísar til foms norræns og germansks sagna- og trúararfs en einnig rómversks og grískis auk hins kristna. Þetta sýnir að Snorri bjó yfir víðtækri húmanískri menntun. Hugtakið húmanismi hefur þó fjölbættari merkingu þar sem það vísar í senn til

mannúðar- og manngildishugsjóna. Verður jafnframt fengist við það hvernig afstaða af því tagi verður stöðugt sterkari eftir því sem á ævi Snorra leið og varð að lokum svar hans við þeim grundvallarspurningum sem sérhver maður spyr frammi fyrir ófrávíkjanlegri staðreynd dauðans.

Bjarni Randver Sigurvinsson, doktorsnemi

Austræn áhrif á trúarlíf Íslendinga á 20. öld

Þær trúarhreyfingar sem fram hafa komið á Íslandi á 20. öld endurspegla margar uppgjör þjóðarinnar við lútherskan rétttrúnað. Nútímahyggjan með öllum sínum róttæku þjóðfélagsbreytingum gróf ekki aðeins undan félagslegu valdi kirkjustofnunarinnar heldur einnig trúverðugleika hinnar gömlu guðsmyndar að mati ýmissa. Breytt hlutverk eða vægi kirkjunnar og uppgjörið við guðsmynd fyrri kynslóða einkennist samt ekki endilega af auknu trúleysi eða áhugaleysi um trúarefni heldur frekar af einkatrú sem mótast í samræmi við aðstæður hvers og eins á þeirra eigin forsendum. Þar má einkum greina (a) kristna eingyðistrú þar sem vægi hinnar gömlu guðsmyndar er áréttuð með ýmsum hætti, (b) austurlenska eingyðistrú þar sem sérkennum postullegs kristindóms er hafnað, (c) algyðistrú þar sem guðsmyndin er skilgreind upp á nýtt út frá austrænum trúarbrögðum eins og vedantaspeki hindúismans og (d) guðleysi í margvíslegum myndum allt frá búddhisma til veraldlegrar efnis-
hyggju. Guðspekifélagið átti stóran þátt í að kynna austræn trúarbrögð fyrir Íslendingum fram eftir 20. öld en á þeim grunni byggði nýaldarhreyfingin svo að töluverðu leyti og einnig helstu jógahreyfingarnar sem náð hafa töluverðri útbreiðslu á síðari árum.

Úr sögu heimspekinnar

15.00–17.00

Stofa 313

Þátttakendur stýra málstofunni

Í málstofunni er fengist við fjóra ólíka kafla heimspekisögunnar. Spurt er í hvaða skilningi forngríski heimspekingurinn Pyrrhon, upphafsmaður róttæktrar efahyggju, hafi verið efahyggjumaður. Áhrif svokallaðra skipulagsraka á formála Snorra-Eddu eru könnuð, en samkvæmt þeim er skynsamleg skipan heimsins og náttúrunnar rök fyrir því að einhver hafi komið þessari skipan á. Þá eru skoðaðar hugmyndir nokkurra heimspekinga um hinn svonefnda Molyneux-vanda og skiptingu skynjanlegra eiginleika í fyrsta og annars stigs. Loks er fjallað um hinn besta mögulega heim í heimspeki Leibniz, sem frægur er af Birtingi Voltaires.

Svavar Hrafn Svavarsson, dósent

Pyrrhon og upphaf efahyggju

Pyrrhon frá Elís hefur löngum verið talinn upphafsmaður róttækrar efahyggju, enda pyrrhonisminn við hann kenndur. Frægasti málsvari hans í fornöld var Sextos Empeirikos, en áhrif hans urðu mikil við upphaf nýaldar. Hvað liggur eftir Pyrrhon og hvaða trúverðugu grein má gera fyrir hugmyndum hans?

Gunnar Harðarson, dósent

Skipulagsrökin í formála Snorra-Eddu

Bresku miðaldafræðingarnir Ursula og Philip Dronke rannsökuðu á sínum tíma formála Snorra-Eddu og settu hann í samband við húmanisma 12. aldar og heimspekilegar hugmyndir þeirrar aldar. Í formálanum er – eða hefur verið talið að sé – ákveðið tilbrigði af hinum svonefndu skipulagsrökum, sem sé fyrir því að til hljóti að vera einhver „stjórnari himintunglanna“. Í fyrirlestrinum verða þessi rök skoðuð nokkru nánar.

Eyja Margrét Brynjarsdóttir, lektor

Teningaspil á kránni: Molyneux-vandinn á breskri nýöld

Árið 1688 spurði írski vísindamaðurinn William Molyneux í bréfi til Johns Locke hvort blindur maður sem lært hefði að greina kúlur og teninga með snertiskyninu einu saman mundi geta þekkt slíka hluti í sjón ef hann yrði skyndilega sjáandi. Þessi spurning hefur ýmsum orðið hugleikin síðan og er hún þekkt sem Molyneux-vandinn. Til grundvallar Molyneux-vandanum liggja í raun margar spurningar, svo sem um það hvernig við byggjum hugtök okkar yfir lögum hluta á skynjunum okkar og um það hvaða eiginleikar það eru sem við skynjum. Bresku heimspekingarnir John Locke, George Berkeley og Thomas Reid fjölluðu allir um Molyneux-vandann með einum eða öðrum hætti. Í þessum fyrirlestri verða hugmyndir þeirra um Molyneux-vandann bornar saman með tilliti til ólíkra hugmynda þeirra um skiptingu skynjanlegra eiginleika í fyrsta og annars stigs eiginleika.

Henry Alexander Henrysson, heimspekingur

Leibniz um hinn besta mögulega heim

Allir þekkja hugmynd Leibniz um hinn besta mögulega heim. Hugmyndin er hins vegar eins óljós og hún er víðþekkt. Ég tel að Leibniz setji m.a.s. fram tvær ósamrýmanlegar kenningar í verkum sínum: bestunarkenningu og mestunarkenningu. Tilraunir til þess að sameina þessar tvær kenningar fá ekki staðist og einungis bestunarkenningin fellur að öðrum frumforsendum í heimspeki Leibniz.

LAUGARDAGUR

Málstofa á vegum Þýðingaseturs Háskóla Íslands um þýðingar á vettvangi Evrópusambandsins

Kl. 11-12 í Hátiðasal Háskóla Íslands

Jouko Nikkinen, yfirmaður finnsku túlkadeildarinnar á Evrópuþinginu, heldur erindi sem nefnist "*Big*" and "*small*" languages in communication within the EU eða „Stór“ og „lítil“ tungumál í samskiptum innan Evrópusambandsins

Stutt lýsing:

Observations about the use of languages in interpreting and translation in the EU – specially in the European Parliament – from the point of view of a conference interpreter whose mother tongue is one of the less widely spoken languages.

Athugasemdir um tungumál við túlkun og þýðingar hjá ESB – einkum Evrópuþinginu – frá sjónarhorni ráðstefnutúlks sem hefur eitt af minna töluðum tungumálum að móðurmáli.

Gunnhildur Stefánsdóttir, forstöðumaður Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, segir frá starfsemi miðstöðvarinnar.

Gauti Kristmannsson, forstöðumaður Þýðingaseturs flytur inngangsorð og stýrir umræðum.

Að málstofunni lokinni hefjast málstofur á Hugvísindaþingi.

LAUGARDAGUR

Íslenskan öll?

12.00–14.00

14.20–16.20

Stofa 225

Málstofustjóri: Jóhannes Gísli Jónsson

Málstofustjóri: Höskuldur Þránínsson

Fyrri hluti málstofunnar er föstudaginn 4. apríl (sjá bls. 10).

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor og Ásta Svavarsdóttir rannsóknardósent

Talmál og tilbrigði. Skráning, úrvinnsla, mörkun og setningafræðileg nýting talmálssafna

Erindið fjallar um nýtingu talmálgagna til athugana á tilbrigðum í setningagerð, og hvernig þurfi að tilreiða gögnin þannig að hægt sé að vinna með þau og leita í þeim. Erindið skiptist í þrennt. Í fyrsta hluta er fjallað um þau talmálssöfn sem komið hefur verið upp á undanförunum árum og sagt frá skráningu gagnanna og tilraunum með tengingu hljóðskráa og textaskráa. Í öðrum hluta er fjallað um tilraunir til að greina textana málfræðilega (marka þá) á vélrænan hátt. Að lokum er svo sagt frá tilraunum til að nýta mörkunina við skipulega leit að setningafræðilegum einkennum.

Þórunn Blöndal, dósent

Að gera sér mat úr námsmati: Setningarleg tilbrigði í rituðum texta

Erindið fjallar um athugun á nemendaritgerðum úr samræmdu 10. bekkjarprófi í íslensku sem Námsmatsstofnun leyfði þátttakendum í Tilbrigðaverkefninu aðgang að. Markmiðið með athuginni var að leita svara við eftirfarandi spurningum: Getur óundirbúið ritað mál gefið vísbendingar um málbreytingar á sama hátt og talað mál? Má búast við svipuðum tilbrigðum í rituðum texta og í tali fólks? Leiðir skimun á ritmálgögnunum í ljós breytileika sem ekki kom í ljós í yfirlitskönnunum? Athuginin er tvíþætt: Annars vegar er leitað í öllum ritgerðunum að tilteknum atriðum; hins vegar eru 60 ritgerðir valdar af handahófi til að athuga hvort þar er eitthvað að finna sem vert er að gefa gaum.

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi

Polanleg þolmynd? Hömlur á þolmynd í íslensku

Í fyrirlestrinum verður fjallað um þolmynd í íslensku og hömlur á henni. Spurt verður hvort þær hömlur sem eru taldar eiga við um íslenska þolmynd séu ef til vill ekki eins þröngar og talið hefur verið. Þetta verður einkum skoðað með tilliti til svokallaðra *af-liða* og áhrifslausra hreyfingar- og breytingarsagna („þolfallsleysissagnir“, e. *unaccusatives*). Því verður haldið fram að sumir málnotendur geti notað *af-liði* í ópersónulegri þolmynd, ólíkt því sem talið hefur verið, og að hömlur á þolfallsleysissögnum í þolmynd sé stundum hægt að brjóta. Stuðst verður við gögn úr Tilbrigðaverkefninu, annars vegar úr viðtölum og hins vegar úr tveimur skriflegum könnunum.

Sigrún Steingrímsdóttir, rannsóknarmaður og Þórhallur Eyþórsson, málfræðingur

Viðbótarupplýsingar úr viðtölum

Í Tilbrigðaverkefninu var efni einkum safnað með skriflegum yfirlitskönnunum en einnig með því að nota textasöfn sem að hluta til voru til áður. Viðbótarupplýsingar fengust með því að taka viðtöl við valda þátttakendur úr yfirlitskönnunum. Stefnt var að því að taka viðtöl við 40–50 þátttakendur í skriflegu könnunum í fyrstu atrennu og voru þeir valdir með tilliti til þess hvernig þeir svöruðu tilteknum atriðum sem ástæða var talin til að kanna nánar. Tilgangurinn með þessum viðtölum var fyrst og fremst sá að kanna eðli og hlutverk ákveðinna tilbrigða á nákvæmari og fyllri hátt en unnt var í skriflegu könnunum. Í þessum fyrirlestri er sagt frá niðurstöðum úr völdum viðtölum af þessu tagi.

KAFFIHLÉ

Sigríður Sigurjónsdóttir, dósent

Hér var rýnt í Ronju. Aðferðir til að kanna tilbrigði í máli ungra barna

Eitt megineinkenni Tilbrigðaverkefnisins, miðað við önnur hliðstæð verkefni, er að þar hafa verið notaðar margar og ólíkar aðferðir við efnissöfnun og þess freistað að bera þær saman þannig að þær bæti hver aðra upp. Í skriflegu yfirlitskönnunum voru málhafar látnir meta setningar sem þeir sáu á blaði eða heyrðu og af því voru dregnar ályktanir um málkunnáttu þeirra. Í þessum fyrirlestri verður greint frá verkefni þar sem reynt er að nýta þá vitneskju sem fengist hefur í Tilbrigðaverkefninu og nýlegar rannsóknaraðferðir erlendra máltökufraeðinga til að kanna tilbrigði í setningagerð ungra íslenskra barna.

Einkum verður fjallað um aðferðir til að fá ung íslensk börn til að meta og mynda þolmyndarsetningar og nýju þolmyndina svokölluðu, þ.e. setningar eins og t.d. *Ronja var sýnd hér* og *Hér var sýnt Ronju*.

Jóhannes Gísli Jónsson, aðjunkt

Hvað er að gerast í færeysku?

Vorið 2006 var lögð fyrir skrifleg könnun á tilbrigðum í færeyskri setningagerð sem hluti af verkefninu Tilbrigði í íslenskri setningagerð. Könnunin náði til rúmlega 240 málhafa í fjórum aldurshópum á sex stöðum víðs vegar um Færeyjar. Könnunin leiddi ekki í ljós skýran staðbundinn mun á setningagerðum í Færeyjum en í sumum setningagerðum kom fram greinilegur munur á milli aldurshópa. Í þessum fyrirlestri verða raktar helstu niðurstöður um þessar setningagerðir og leitað svara við þeirri spurningu hvað niðurstöðurnar gefa til kynna um breytingar sem eru að verða í færeysku nútímamáli.

Tania E. Strahan, gestafræðimaður

Að beygja sig aftur á íslensku og norsku

Í (1-2) eru dæmi um svokallaða langdræga afturbeygingu:

	9. b.	20-25 ára	40-45 ára	65-70 ára
1. Dóra vissi að ég tók mynd af sér.	58%	44%	40%	27%
2. Þeir segja að þú hafir svikið sig.	45%	45%	45%	43%

Tilbrigðarannsóknin sýnir að yngri málhafarnir, frekar en þeir eldri, samþykkja dæmi eins og (1) þar sem afturbeygð fornöfn vísa út úr aukasetningu með sögn í framsöguhátt. Einnig kemur í ljós að dæmi á borð við (2) þar sem afturbeygð fornöfn vísa út úr aukasetningu með sögn í viðtengingarhátt fá ekki eins góða dóma og búast mætti við og á það við um alla aldurshópa.

Afturbeygð fornöfn í íslensku hegða sér ólíkt afturbeygðum fornöfnum í norsku að tvennu leyti. Annars vegar hafa *sinn* og *sig* sömu bindieiginleika í íslensku en það hafa *sin* og *seg* ekki í norsku. Hins vegar er spurning hvort binding fornafna út úr nafnháttarsetningum er í raun langdræg afturbeyging eða ekki. Svárið við því virðist ekki það sama í íslensku og norsku.

Matthew Whelpton, dósent

Útkoman er þessi

Í þessum fyrirlestri er sagt frá niðurstöðum úr könnun innan Tilbrigða-verkefnisins á svokölluðum **útkomuumsögnum** (e. *resultative predicates*) og þær bornar saman við ensku. Eftirfarandi kom í ljós:

- Svokallaðar „atvikslegar“ útkomuumsagnir í íslensku innihalda lýsingarorð sem lagar sig ekki að viðkomandi nafnorði heldur stendur í hinu sjálfgefna hk.et.:
Hann saxaði hvítlaukinn **gróft**/***grófan**.
- Þegar um er að ræða áhrifslausar breytingarsagnir (eða „þolfallsleysis sagnir“, e. *unaccusatives*) eru útkomuumsagnir ótækar í íslensku þótt þær séu mjög oft eðlilegar í ensku:
*Ísinn á vatninu fraus mjög **harður**.

Niðurstöðunni má lýsa í þrem liðum:

- (1) a. Málhafar voru alls ekki sammála um dóma á þessum setningum.
b. Það var verulegur munur á niðurstöðum eftir því hvaða umsagnir áttu í hlut.
c. Það var verulegur munur á aldurshópum: yngsti aldurshópurinn skar sig úr.

Veislur og brennur: Sagnfræði og skáldskapur

Í fornsögum

Stofa 207

12.30–14.00

Málstofustjóri: Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Löngum hefur verið deilt um sagnfræði og skáldskap í íslenskum fornsögum. Fyrir á öldum lögðu menn trúnað á flestar frásagnir frá miðöldum en á 19. öld fóru fræðimenn að draga sagnfræði flestra þeirra í efa nema samtíðarsagna. Á síðustu áratugum hafa mannfræðingar og síðan sagnfræðingar endurmetið Íslendingasögur sem heimildir um félagslegan veruleika á Íslandi á tíma goðaveldisins. Í málstofunni verður hugað að frásögnum um veislur og brennur í Íslendingasögum og veraldlegum samtíðarsögum, sannfræði þeirra og list.

Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor

Flugumýrabrenna

Í hinni snjöllu bók sinni, *Epic and Romance: Essays on Medieval Literature* (1896), sagði breski prófessorinn W.P. Ker að jafna mætti sviðsetningum í

Sturlungu við þær bestu í Íslendingasögum. Enginn gæti fært haldbær rök fyrir því að frásögnin um Njálsbrennu væri betri og áhrifaríkari en lýsingin á Flugumýrarbrennu. Í fyrirlestrinum verður fjallað um frásögn Sturlungu af Flugumýrarbrennu frá textafræðilegu, fagurfræðilegu og siðfræðilegu sjónarmiði, einkum hvernig sagnfræði og skáldskap er blandað saman til að ná áhrifum.

Viðar Pálsson, sagnfræðingur

Veislur í valdaumhverfi þjóðveldisaldar- Sturlunga saga

Veislulýsingar Sturlungu eru teknar til skoðunar og rök færð að því að veislur hafi þjónað mikilvægu og miðlægu hlutverki sem félagslegar og pólitískar stofnanir.

Helga Kress, prófessor

„Eld kveikið þér nú sveinar!“: Brennur og búsysla í Njálu og öðrum Íslendingasögum

„Eld kveikið þér nú, sveinar! Hvort skal nú búa til seyðis?“ Með þessum orðum tekur Skarphéðinn í Njálu á móti brennumönnum sem hafa komið til Bergþórshvols til að brenna menn þar inni. Að búa til seyðis er að undirbúa matseld, en matseld í Íslendingasögum er ókarlmannlegt athæfi, ætlað konum einum. Með þessu kvengerir Skarphéðinn brennumenn og myndhverfir um leið sjálfan sig í mat handa þeim í soðið. Eldur tengist konum og heimilishaldi, eldhúsi, matseld og búsyslu. Konur kveikja upp og sjóða, konur varðveita eld og gæta þess að hann slokkni ekki, en það gerir hann gjarnan hjá körlum sem eiga einnig í basli með að finna íkveikju og kveikja upp. Í erindinu verður hugað að brennulýsingum í Íslendingasögum, einkum þeirri frægustu í Njálu, og hvernig þær tengjast konum og karnivali og fela þar með í sér afbyggingu hetjuímyndarinnar og þeirrar karlmennsku sem heldur henni uppi.

Annarsmálsfræði – Ný fræðigrein á Íslandi Stofa 218

12.00–14.00

Málstofustjóri: Jón Gíslason

Þörfin fyrir rannsóknir á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls hefur aukist á undanförunum árum. Mikilvægt er að vita hvernig útlendingar læra íslensku, þannig næst bestur árangur í kennslu og námi. Í málstofunni er fjallað um helstu rannsóknir í þessari vaxandi fræðigrein og einstök atriði í þróun kunnáttunnar útskýrð.

Birna Arnbjörnsdóttir, dósent

Annarsmálsfræði á Íslandi: Staða mála

Rannsóknir á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls eru ekki fyrirferðarmiklar og þeir sem þau fræði stunda eru fáir á Íslandi enn sem komið er. Þó hefur áhugi aukist á því allra síðustu ár hvernig útlendingar læra íslensku eftir því sem þörfin eykst enda ljóst að slíkar rannsóknir hafa bæði hagnýtt og fræðilegt gildi. Í þessum skrifum verður leitast við að skoða stöðuna á árinu 2008, og gera grein fyrir helstu rannsóknum í þessari ungu en vaxandi fræðigrein. Fyrst verður lagður almennur fræðilegur grundvöllur að rannsóknum á tileinkun annars og erlendra mála og hverju rannsóknir á íslensku sem öðru máli hafa þar við að bæta. Mest fyrir rannsóknum á hvernig málkerfið þróast frá einu stigi til annars enn einnig er verið að skoða hvernig málumhverfið á Íslandi nýtist nemendum sem eru að læra íslensku sem annað eða erlent mál. Að lokum verður vikið að útgáfu nýrra fræðiritra og lýst nokkrum nýjungum í námsefnisgerð og nýjum námsleiðum fyrir þá sem áhuga hafa á námi og kennslu annars og erlendra mála.

Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt

Þróun kunnáttunnar í íslensku sem öðru máli: Málfræðin byggð upp og endurskipulögð

Í fyrirlestrinum verður fjallað um tileinkun fallbeygingar í íslensku sem öðru máli. Þróun kunnáttunnar verður skoðuð hjá íslenskunemum við HÍ og rýnt í ákveðin einkenni í tileinkunarferlinu. Með auknu námi og æfingu í notkun fallbeygingar verður kunnáttan sjálfvirkari en með aukinni sjálfvirkni geta skapast aðstæður hjá málhöfum sem leiða til endurskipulagningar (e. restructuring) innri málfræðinnar. Rætt verður í fyrirlestrinum um þetta einkenni í tileinkunarferlinu og orsakir þess.

Sigríður Þorvaldsdóttir, aðjunkt og María Anna Garðarsdóttir, aðjunkt

Tileinkunarkenning Pienemanns, Processability Theory: Niðurstöður rannsókna á tileinkunarröð beygingar- og setningarlegra atriða í skandinavísku málunum og finnsku

Árið 1998 setti Manfred Pienemann fram kenningu um tileinkun annars máls sem hann nefnir *Processability Theory*. Í kenningunni setur hann fram 6 tileinkunarstig sem hann fullyrðir að allir, óháð móðurmáli, gangi í gegnum í máltökuferlinu. Stigin eru skilgreind út frá tileinkun tiltekinna setningagerða og þeim fylgja tilteknar beygingar. Með kenningu Pienemanns er hægt að spá fyrir um í hvaða röð beygingar- og setningarleg atriði lærast. Í fyrirlestrinum

verður fjallað um tileinkunarstig Pienemanns og greint frá niðurstöðum rannsókna í dönsku, norsku, sænsku og finnsku sem öðru máli þar sem tilgáta Pienemanns var prófuð.

Sigríður Þorvaldsdóttir, aðjunkt og María Anna Garðarsdóttir, aðjunkt

*Beygingar og setningagerð í íslensku sem öðru máli: Tileinkunarröð
valinna beygingar- og setningarlegra atriða í ljósi kenningar
Pienemanns, Processability Theory.*

Samkvæmt kenningum Manfreds Pienemanns (1998) lærast beygingar og setningagerðir í ákveðinni algildri röð í öðru máli. Út frá kenningunni er því hægt að spá fyrir um tileinkunarröð í hverju tungumáli fyrir sig. Í þessum fyrirlestri verður gerð tilraun til að raða tilteknum beygingum og setningagerðum íslenskunnar á tileinkunarstig Pienemanns og þannig reynt að draga upp mynd af tileinkunarröðinni í íslensku. Notaðar verða niðurstöður nokkurra athugana sem við höfum gert á síðustu árum, m.a. á sagnbeygingu, fallmörkun og umröðun frumlags og sagnar. Auk þess verður sagt frá niðurstöðum varðandi samræmi innan nafnliðar og milli liða.

Hlaðborð sagnfræðinga til

heiðurs Gísla Gunnarssyni, prófessor

Stofa 231

12.00–14.00

Málstofustjóri: Eggert Þór Bernharðsson

14.20–16.20

Gísli Gunnarsson prófessor lét af störfum 1. apríl. Af því tilefni heiðra samstarfsmenn Gísla í sagnfræðiskor hann með hlaðborði þar sem Íslands-sagan er í öndvegi. Fjallað verður þætti úr stjórnmalasögu og atvinnulífi, fátækraframfæri og skemmtanir.

Anna Agnarsdóttir, prófessor

Hvaða áhrif hafði franska stjórnarbyltingin á Íslandi?

Ísland var ekki einangruð eyja fyrr á öldum. Straumar og stefnur bárust frá Evrópu. Eitt dæmi um það eru þau áhrif sem franska stjórnarbyltingin hafði á Íslandi. Magnús Stephensen var fljótur að tileinka sér orðræðu byltingarinnar og verður rætt um Almennu bænarskrána árið 1795 og “Ágrip um þær nýjustu frönsku Stjórnarbyltingar” sem birtist í Minnisverðum Tíðindum árið 1796 þar sem hrifning Magnúsar af byltingunni leynir sér ekki. Síðast en ekki síst verður rætt um “Byltinguna” 1809, þar sem Jörgen Jörgensen m.a. veitti íslenskum

körlum almennan kosningarétt óhað efnahag og trúð annarri jakóbínskri hugmyndafræði upp á landsmenn.

Guðmundur Jónsson, prófessor

Vodafarg á þjóðinni: Hversu mikil voru sveitarþyngslin á Íslandi á 19. öld?

Íslendingar voru meðal fátækustu þjóða í Evrópu á 19. öld og allstórum hluta þeirra varð að halda uppi með opinberum framfærslustyrkjum. Fátækraframfærsla var langumfangsmesta og dýrasta verkefni sveitarfélaga fram á 20. öld. En hversu mikil voru sveitarþyngslin og hvenær tókst Íslendingum að lyfta af sér mesta farginu? Opinberar hagtolur um fátækraframfærslu og kostnað af henni eru brotakenndar og því hefur höfundur tekið sér fyrir hendur að áætla fjölda styrkþega og kostnað af fátækraframfærslu á 19. öldinni og fram á fyrstu áratugi 20. aldar. Niðurstöðurnar eru kynntar í erindinu.

Gunnar Karlsson, prófessor

Hlutur sjávarútvegs í atvinnu Íslendinga á 18. og 19. öld

Hér er sagt frá rannsókn sem höfundur hefur nýlega lokið um magnupplýsingar um fiskveiðar Íslendinga frá því á 17. öld og fram að vélvæðingu veiðiflotans. Einkum er fengist við tvær spurningar, hve mikið var aflað og hve mikla atvinnu landsmenn höfðu af fiskveiðum. Í fyrirlestrinum verður aðeins dvalist við síðari spurninguna og skýrt hvernig höfundur reiknar fjölda sjómanna út frá staðtölum um fjölda og stærð báta og áætla síðan hve langan tíma ársins menn voru á sjó. Niðurstaðan er sú að sjávarútvegur hafi veitt um 30% af atvinnu landsmanna fram um 1890.

Halldór Bjarnason, aðjunkt

„Allan veturinn eru þeir að dansa“: Breytingar á dansleikum Íslendinga á 18. og 19. öld

Á 18. öld og um 1800 lögðust hinir gömlu dansleikar, dansar og vikivakar, að miklu leyti af. En Íslendingar hættu ekki að dansa heldur tóku þeir upp dansa sem voru farnir að tíðkast í Mið- og Norður-Evrópu. Þetta voru þeir dansar sem nú eru kallaðir *gömlu dansarnir*. Margt er óljóst um þessa breytingu, ekki síst hvernig þessir nýju dansar bárust til landsins. Í erindinu verður slegið fram tilgátu um það að búseta danskra fjölskyldna, svo tugum skiptir, á verslunarstöðunum á áttunda og níunda áratug 18. aldar hafi verið þýðingarmikil í þessu sambandi.

KAFFIHLÉ

Helgi Þorláksson, prófessor

Ísland í átökum stórvelda 1400–1600

Umheimurinn uppgötvaði Ísland á 15. öld. Landið bar mjög á góma í hörðum og langvinnum deilum Englendinga og Hansasambandsins, og Danakonungar létu málið til sín taka. Verslun á Íslandi og veiðar við landið tengdust sögu Björgvinjar, Hamborgar og siglingum um Eyrarsund. Atburðir á Íslandi höfðu bein áhrif í milliríkjadeilum, t.d. fall Björns í Rífi og Grindavíkurstriðið. Reynt verður að setja þessa og aðra atburði í alþjóðlegt samhengi og stuðst við nýleg fræðirit. Fjallað verður um baráttu Englendinga og Þjóðverja um íslensku skreiðina, baráttu Þjóðverja innbyrðis og loks viðleitni Dana við að ná undir sig Íslandsversluninni. Þessi saga verður tengd sögu verðlags og eftirspurnar á Englandi og meginlandinu.

Ragnheiður Kristjánsdóttir, aðjunkt

Þjóðlegur kommúnismi?

Í fyrirlestrinum verður spurt um áhrif marx-lenínískra hugmynda á afstöðu íslenskra kommúnista til þjóðernis og sjálfstæðismála. Hvað sögðu þær um þjóðernisstefnu í landi eins og Íslandi? Að hve miklu leyti höfðu alþjóðasamtök kommúnista, Komintern, áhrif á það hvernig íslenskir kommúnistar hrintu henni í framkvæmd? Fóru íslenskir kommúnistar út fyrir hin kommúníska ramma?

Í framhaldi af því verður reynt að leggja mat hvort hægt sé að svara því hvort íslenskir kommúnistar hafi verið þjóðernissinnar. Er vit í þeirri spurningu?

Þór Whitehead, prófessor

Var Sósíalístaflokkurinn stofnaður gegn vilja Alþjóðasambands kommúnista 1938?

Hér er andmælt tilgátu Jóns Ólafssonar í Sögu 1. 2007 um að Sósíalístaflokkurinn hafi verið stofnaður í andstöðu við Alþjóðasamband kommúnista 1938. Rök eru færð fyrir því að tilgátan byggist einkum á mótbárum eins tiltekins embættismanns, en aðrar heimildir hnigi að því að yfirstjórn Kominterns hafi samþykkt flokksstofnunina, enda í samræmi við höfuðskilyrði hennar fyrir stofnun slíks flokks, kommúnistar hafi haldið tengslum sínum við sambandið og tekið áfram við stefnufyrirmælum þess.

Eggert Þór Bernharðsson, dósent

Þéttbýlisþróun og sögusýningar

Íslenskt samfélag umbyltist á 20. öld og landsmenn urðu að laga sig að stórfelldari þjóðfélagsbreytingum en áður höfðu þekkt í landinu. Fólksfjöldun, nýskipun auðæfa og verðmæta, framleiðslu- og tæknibylting, verkaskipting, aukin menntun og stóraukið þéttbýli gerðu að verkum að þjóðfélagsgerðin gjörbreyttist. Þéttbýlisþróunin er veigamikill þáttur þeirra breytinga sem urðu á íslensku samfélagi á 20. öld og í erindinu verður litið til þess hvernig þessi umbylting íslensks samfélags endurspeglast á íslenskum sögusýningum seinni ára, og þá ekki hvað síst umrótstíminn frá síðari heimsstyrjöld.

Hlýnun og umhverfi – Málstofa Ritsins

14.20–16.20

Stofa 207

Málstofustjóri: Björn Þorsteinsson

Tilgangur þessarar málstofu er að veita yfirsýn um sögu umhverfismála og þekkingu manna á hlýnun jarðar samkvæmt nýjustu gögnum. Fjórir raunvísindamenn leggja hönd á plóg en fjalla þannig um efnið að sérþekkingar á raunvísindum verður ekki krafist af áheyrendum. Vonast er til að málstofan og greinar sem birtar verða upp úr efni hennar geti stuðlað að betri grundvelli í umræðu um þessi mál hér á landi og breikkað þann hóp sem lætur sig hana varða.

Björn Þorsteinsson, heimspekingur

Inngangsorð

Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor

Viðhorf og vistkreppa: Hálfrar aldar saga viðhorfa og forsagna um vistkreppu, auðlindaþurrð og hlýnun

Í erindinu verður fjallað um viðhorf og veruleika í sögu vistkreppunnar frá því um 1970 þegar fyrstu þungavigtarbækurnar komu út og til okkar daga. Rætt verður um „spárnar“ í bókinni um *Endimörk vaxtarins* frá 1972, um hugmyndina um sjálfbæra þróun í Brundtland-skýrslunni frá 1987 og um nýjustu viðhorf gagnvart hlýnun á síðustu árum. Fjallað verður m.a. um breytt viðhorf neytenda og almennings í tímans rás og um lærdóma sem draga má af sögunni.

**Halldór Björnsson, veður- og haffræðingur og
Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur**
Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar

Frá upphafi iðnbyltingar hefur magn koldíoxíðs í andrúmslofti aukist um rúman þriðjung. Koldíoxíð er öflug gróðurhúsalofttegund og þessi aukning veldur hnattrænni hlýnun. Rætt verður um niðurstöður nýjustu samantektar milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPPC) og um veðurfarshorfur á nýhafinni öld. Einnig verður rætt um óvissu í spám um loftslagsbreytingar og tengsl óvissu og ákvarðanatöku.

Snorri Baldursson líffræðingur

Áhrif hlýnunar á lífríki jarðar og fróns: Yfirlit um mikilvægustu truflanir, m.a. með tilliti til samfélags manna, lífs og starfs

Niðurstöður úttektar Milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPPC) sem birtust í 4. úttekt nefndarinnar árið 2007 sýna svo ekki verður um villst að hlýnun andrúmslofts á undanförmum áratugum er þegar farin að hafa merkjanleg áhrif á lífríki jarðarinnar. Hérlandar rannsóknir sýna einnig að lífríki vatns láðs og lagar hefur breyst undanfarna áratugi, en stundum er erfitt að greina milli breytinga sem stafa af hlýnun og breytinga sem stafa af breyttum nytjum og landnotkun. Í erindinu verður fjallað nánar um þessar breytingar.

Umræður

Mál og samfélag

14.20–16.20

Stofa 218

Málstofustjóri: Jón Axel Harðarson

Í þessari málstofu verða fluttir fjórir fyrirlestrar um íslenskt mál og málsamfélag frá ólíkum sjónarhornum. Fyrsti fyrirlesturinn fjallar um orðið „döff“ sem er algengt í máli þeirra sem tengjast íslenska táknmálssamfélaginu. Sá fyrirlestur verður túlkaður á táknmál. Síðan verður fjallað um áhrifavalda í vali manna á nöfnum barna sinna, beygingu nafna og viðtökur og afdrif stafsetningarhugmynda Fjölnismanna.

Rannveig Sverrisdóttir, lektor

Það er töff að vera döff: Um aðkomuorðið „döff“ í íslensku

Í hópi þeirra sem tengjast íslenska táknmálssamfélaginu er notkun á aðkomuorðinu „döff“ í íslensku talsvert algeng. „Döff“ mætti þýða sem heyrnarlaus en við það tapast mikilvæg merking. „Döff“ þýðir ekki einungis að heyra ekki heldur að vera „menningarlega heyrnarlaus, hluti af táknmálssamfélaginu og nota táknmál“. Vegna mikillar aukningar á útbreiðslu orðsins, bæði í talmáli og ritmáli íslenskunnar, er nauðsynlegt að skilgreina merkingu þess og uppruna, kanna notkun þess og mögulega aðlögun að íslensku málkerfi.

Guðrún Kvaran, prófessor

Biblían, sjálfstæðisbaráttan og nafngjafir á 18., 19. og 20. öld

Eins og titill erindisins ber með sér er ætlunin að skoða nafngjafir á 18., 19. og 20. öld og helstu áhrifavalda í vali manna á nöfnum barna sinna. Frá miðri 18. öld og fram til miðrar 19. aldar var Biblían gefin út þrisvar í tiltölulega ódýrum útgáfum og hafði afar mikil áhrif á nafngjafir um allt land, einkum á nöfn gefin drengjum. Sjálfstæðisbaráttan á síðari hluta 19. aldar, aukin bókaútgáfa og áhugi á fortíðinni jók einnig umtalsvert við nafnaforðann.

Margrét Jónsdóttir, dósent

Beyging ð– stofna kvenkynseiginnafna

Í fyrirlestrinum verður fjallað í sögulega ljósi um beygingu kvenkynseiginnafna sem töldust skv. uppruna til ð– stofna en líka þeirra tókunafna sem beygðust eins. Ræddar verðar þær breytingar sem urðu á flokknum, þær fyrstu mjög snemma, og þær skoðaðar og greindar í samhengi við aðrar breytingar á beygingu orða sem skv. uppruna teljast til þessa flokks. Spurningin er sú hvaða forsendur lágu að baki breytinganna sem fólst í innri uppstokkun og fækkun undirflokka. Formleg gerð nafnanna hefur hér skipt meginmáli og þarf ekki að huga að upprunasjónarmiði.

Gunnlaugur Ingólfsson, rannsóknardósent

Fjölnisstafsetningin: upphaf, viðtökur, afdrif

Í öðrum árgangi *Fjölnis*, árið 1836, birtist langur þáttur um stafsetningu. Þar voru boðaðar róttækar breytingar á réttitun íslenskrar tungu. Frumsetning hennar var sú að framburðurinn skyldi vera grundvöllur stafsetningarinnar. Nýjungar þessar urðu fyrir óvæginni gagnrýni. Þó voru Fjölnismenn ekki

óðaróttækari en svo að þeir innleiddu ekki allar nýjungar þegar. Nokkrar þeirra komu þó í allra næstu árgöngum, en stafsetning þessi komst aldrei að fullu á í ritinu, og þróaðist smám saman æ meir í átt til stafsetningar Rasks og Jóns Sigurðssonar.

Ísland og umheimurinn

14.20–15.50

Stofa 222

Málstofustjóri: Jón Karl Helgason

Hér er boðið upp á þrjá fyrirlestra sem fjalla á einn eða annan hátt um Ísland og umheiminn, um útlendinga á Íslandi og Íslendinga í útlöndum, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Fjallað verður um áhrif T.S. Eliot, eins þekktasta nútímaskálds Vesturlanda, á íslenskt bókmenntalíf og bókmenntaumræðu. Þá vikur sögunni til Vesturheims þar sem kraftaverk á 19. öld og sögur byggðar á því endurspeglu lífandi íslenska þjóðtrú samtvinnaða við kristna trú. Slíkt var ríkjandi á Íslandi en þótti bábilja í huga enskættaðra Kanadamanna, og vakna spurningar um tengslin milli þjóðvitundar, þjóðtrúar og frásagnar. Loks segir af ferð Ólafs Egilssonar til Ítalíu, en hann var herleiddur í Tyrkjaráninu og síðan sendur úr Barbaríinu til Kaupmannahafnar þar sem hann gekk á fund konungs. Leiðin lá fyrst til Ítalíu þar sem staldrað verður við í ferðasögu Ólafs.

Ástráður Eysteinnsson, prófessor og Eysteinn Þorvaldsson, prófessor

T.S. Eliot á Íslandi

Fjallað verður um sögulegt vægi eins þekktasta nútímaskálds Vesturlanda á vettvangi íslensks bókmenntalífs. Rætt verður um viðbrögð Íslendinga við verkum Eliots, en þau birtast í þýðingum á verkum hans og einnig í bókmenntaumræðu sem og í öðrum skírskotunum til höfundarins og verka hans. Reynt verður að grennslast fyrir um tengsl Eliots við frumsamdar bókmenntir og þá jafnframt spurt hvort slíkar rannsóknir á erlendum höfundum geti skerpt sýn okkur á íslenska bókmenntasögu.

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, dósent

Leiðarljós í Nýja Íslandi

Í erindi mínu mun ég íhuga tengslin á milli þjóðvitundar, þjóðtrúar og frásagnar í sannsögulegri frásögn Hálfðans Sigmundssonar af reynslu sinni af kraftaverki í Nýja Íslandi á nítjándu öld, sem síðan hefur verið endurskilgreind í tveimur smásögum samtímahöfunda, Kristjönu Gunnars og W.D. Valgardson. Sagan virðist vera orðin að helgisögn íslensk-kanadísks

menningararfs, og bíða endurtúlkunar í samræmi við breytingar á ríkjandi hugmyndum, eða endurskoðunar þjóðarbrotisins á þeim táknum sem einkenna jafnan orðræðu brottfluttra um upprunann, að mati Homi Bhaba í „Tvístrun þjóðarinnar“.

Stefano Rosatti, aðjunkt

Ítalía í Reisubók Ólafs Egilssonar: Staðreyndir og ímyndun

Í fyrirlesturinum er rakin ferðasaga Ólafs Egilssonar um Ítalíu á sjöundu öld. Sagt er frá viðhorfum hans, skoðunum, og athugunum, réttum og/eða röngum, á þeim landsvæðum sem hann fór um og stöðum sem hann heimsótti. Sérstökum sjónum er beint að ferð hans frá ströndum Afríku til Livorno á Ítalíu og stutta dvöl hans í Genúa.

La relazione intende descrivere gli spostamenti per terra e per mare sul territorio italiano di Ólafur Egilsson, e prendere in considerazione alcune sue osservazioni e punti di vista, alcuni precisi, alcuni totalmente inesatti, sui luoghi percorsi e visitati, con particolare riferimento al suo viaggio dalle coste africane fino a Livorno e al suo breve soggiorno nella città di Genova.

Fyrirlesturinn verður fluttur á íslensku.

